

Öldungaráð Snæfellsbæjar

Fundargerð no 22 hjá Öldungaráði Snæfellsbæjar sem haldin var í Höllinni í Ólafsvík þriðjudaginn 24. Nóvember 2025 kl 14,00

Mætt voru Ólafur Hlynur Steingrímsson formaður, Margrét Vigfúsdóttir, Jón Guðmundsson varamaður sem mætti í forföllum Ragnheiðar Víglundsdóttur og Pétur Steinar Jóhannsson.

Gestir voru Kristinn Jónasson bæjarstjóri og Ingveldur Eypórsdóttir

Ólafur formaður setti fund og stýrði og bauð fundarmenn velkomna.

Mál 1: „Er gott að eldast“? Ingveldur var spurð um þetta verkefni sem er búið að vera í umræðunni frá fyrri hluta ársins 2024 og Öldungaráði var kynnt first vorið 2024 af Laufeyju Jónsdóttur frá SSV. Það kom fram hjá Ingveldi að það væri eitthvað óljóst hver ætti að leiða verkefnið á svæðinu. Það er komið lengst á Akranesi en þar er það HEV sem stýrir því. Önnur aðstaða er hjá öðrum byggðarlögum og fundarmenn ræddu þessi mál í framhaldinu. Ingveldur mun halda ráðinu upplýstu eftir því sem fram vindur.

Ingveldi var þökkuað fundarsetan og hún vék af fundi.

Mál 2: Hitunarkostnaður: Kristinn Jónasson sem er í Stjórn sveitarfélaga á köldum svæðum sagði frá fundum sem hann hefði sótt um þetta málefni sem lengi hefur verið í umræðunni. Hann skýrði vel frá því sem um hefur verið rætt en lítið gerst enn þá. Umræður urðu um málið og vonandi fer að koma betri tíð á þessum málum?

Mál 3: Niðurbrot Átthagastofunnar í Ólafsvík. Rætt var um niðurbrot Átthagastofunnar í Ólafsvík sem er fyrirhuguð og Kristinn spurður um hvað eigi að koma í staðinn. Hann sagði að byggt yrði húsnæði sem væntanlega verði leigt til eldri borgara í Snæfellsbæ líkt og er með byggingarnar fjórar við Engihlíð. Fundarmenn tóku vel í þessa útfærslu. Bentu á í framhaldinu að gott væri að hafa amk tvo eldri borgara með í húsbyggingarnefndinni sem skipuð yrði eins og gert var við fyrri hús þe við Engihlíð.

Kristni þökkuað fundarsetan og fyrir góð svör og hann vék svo af fundi

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15,00.

Fundargerð ritaði

Pétur Steinar Jóhannsson